Minnisblað

Reykjavík, 7. mars 2016

Hafnarhúsið, Tryggvagötu 17

Hafnarhúsið við Tryggvagötu var upprunalega byggt, af Reykjavíkurhöfn, sem vörugeymsluhús á þremur hæðum með skrifstofurými í endunum. Vörugeymslurnar voru leigðar út til hinna ýmsu innflutningsaðila sem síðan höfðu skrifstofur í endum hússins.

Hafnarhúsið er skráð byggt 1933 og var þá þrjár hæðir. Fjórðu hæðinni var síðan bætt við um 1960, auk fjögurra turna á 5. hæð.

Ráðuneyti á vegum stjórnarráðsins hafa haft aðsetur í húsinu síðan á níunda áratugnum. Fyrst Samgönguráðuneytið, síðan Félagsmálaráðuneytið og nú síðast Velferðarráðuneytið.

Velferðarráðuneytið leigir húsnæðið með tveimur leigusamningum:

Alls 350 fermetra á 2. hæð. Leigutími hófst 1.4.2011 og lýkur 31.3. 2016.
Mánaðarleiga kr. 807.685

Alls 2.978 fermetra á 3., 4. og 5. hæð. Leigutími hófst 1.4.2011 og lýkur 31.3.2021
Mánaðarleiga kr. 6.872.241.

Samtals 3.328 fermtrar á kr. 7.679.926 á mánuði.

Faxaflóahafnar hafa falið verkfræðistofunni Eflu að gera heildarúttekt á heildarástandi Hafnarhússins bæði innanhúss og utanhúss.

Nú liggja fyrir fyrstu niðurstöður á ástandi innanhúss á suðurhluta 4. hæðar. Niðurstöður rannsóknanna gefa sterkar vísbendingar um að loftgæði innandyra þar sé ábótavant þar sem rakavandamál eru víða og mygluvöxtur kominn í byggingarefni á nokkrum stöðum. Þetta rými er alls um 750 fermetrar að stærð.
Á þessu svæði er timburgólf yfir steyptri plötu. Annar útveggurinn er úr timbri og niðurtekið timburloft. Umfang vandans liggur ekki fyrir enn sem komið er, en þurfi að skipta timburgólfinu út þarf að innrétta allt rýmið upp á nýtt. Því er ljóst að um verulega framkvæmd gæti verið að ræða.

Norðurhluti 4. hæðarinnar er eins upp byggður en þaðan hafa ekki komið kvartanir enn sem komið er. Aðrir hlutar hússins eru með steypum veggjum, gólfum og loftum.

Í dag er afgreiðsla Velferðarráðuneytisins í þessu tiltekna rými og þaðan er fólki beint í önnur rými á 3. 4. og 5. hæð. Þar sem framkvæmdir við endurnýjun og endurbætur eru að öllum líkindum verulegar og tímafrekar þá hafi verið ákveðið að verða við því að ljúka samningi við Velferðarráðuneytið enda ekki hægt að halda út starfsemi á þessu svæði um nokkurn tíma. Nauðsynlegt er að ljúka heildarúttekt EFLU á Hafnarhúsinu og taka frekari ákvarðanir þegar sú úttekt liggur fyrir.

Helgi Laxdal